

Fréttir af markaði

Alls námu heildarútlán Íbúðalánasjóðs rúmlega 2,9 milljörðum króna í september. Þar af voru rúmir 1,8 milljarðar vegna almennra lána og tæpir 1,1 milljarðar vegna leiguíbúðalána. Heildarútlán sjóðsins jukust því um tæp 84% frá fyrra mánuði sem má að mestu rekja til aukningar í leiguíbúðalánum frá fyrra mánuði. Meðalútlán almennra lána voru um 10 milljónir króna í september sem er um 2% aukning frá fyrra mánuði. Heildarútlán sjóðsins námu rúmum 6,9 milljörðum á þriðja ársfjórðungi sem er um 15% minna en á öðrum ársfjórðungi og um 35% minna en á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Heildarútlán sjóðsins nema því rúmum 24,4 milljörðum það sem af er árinu 2009 en það eru um 51% minni útlán en á sama tímabili árið 2008.

Á þriðja ársfjórðungi bárust umsóknir vegna greiðsluferðleika sem er um 35% færri umsóknir en á öðrum ársfjórðungi. Á fyrstu níu mánuðum ársins hafa því borist 2485 umsóknir sem eru 439% fleiri umsóknir en á sama tímabili ársins 2008. Úrræði vegna greiðsluvanda eru samningar, skuldbreyting vanskila, frestun á greiðslum, lenging lána og greiðslujöfnun. Frá því sjóðurinn fór að bjóða upp á greiðslujöfnun fasteignaveðlana hafa verið afgreiddar 506 umsóknir.


Heildarvelta íbúðabréfa í september nam tæpum 83 milljörðum sem er 17% minni velta en í fyrra mánuði. Heildarvelta bréfanna nemur rúmum 712 milljörðum það sem af er árinu 2009. Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa lækkaði nokkuð í september eða um 15 til 24 punkta eftir flokkum.

Hinn 30. september tilkynnti Íbúðalánasjóður að ekki yrði farið í útboð á þriðja ársfjórðungi. Í júl mánuði birti Íbúðalánasjóður endurskoðaða áætlun um útlán, útgáfu og greiðslur sjóðsins fyrir árið 2009 en þar var gert ráð fyrir að gefa út íbúðabréf að fjárhæð 7-9 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi ársins. Útlán sjóðsins hafa verið minni á þriðja ársfjórðungi en gert var ráð fyrir og hefur lausafjarstaða sjóðsins verið góð á tímabilinu. Endurskoðaðar áætlanir Íbúðalánasjóðs verða birtar í byrjun október mánaðar.

Hinn 23. september birti matsfyrirtækið Moody's uppfærða skýrslu um lánshæfismat Íbúðalánasjóðs. Nánar má lesa um lánshæfismatið í skýrslu Moody's á www.ils.is.




Breyting varð á auðkenningu við greiðslumat og umsókn lána hjá Íbúðalánasjóði. Nú þurfa viðskiptavinir Íbúðalánasjóðs að auðkenna sig með veflykli RSK eða rafrænum skilríkjum til að gera greiðslumat og sækja um lán og verður því öryggi þeirra mun meira en áður.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu um 6,6 milljörðum króna í september og voru afborganir íbúðabréfa stærsti hluti þeirra. Uppgreiðslur lána Íbúðalánasjóðs í september námu um 875 milljónum króna. Heildaruppgreiðslur allra lána Íbúðalánasjóðs eru því um 6,5 milljarðar króna sem af er árinu 2009.



Flokkur	Júl. 2009	Ágú. 2009	Sept. 2009	Meðal líftími (ár)	Nafn verðs	Eft.st. nafnv.
HFF14	3,94%	3,80%	3,57%	2,6	70,7	38,6
HFF24	4,43%	4,23%	4,05%	6,7	150,7	119,7
HFF34	4,40%	4,24%	4,09%	10,2	154,6	139,2
HFF44	4,45%	4,24%	4,09%	13,5	237,5	223,4

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar. Meðal líftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok september '09. Af heildarútgáfu natnverðs eru 9,6 ma. króna í HFF14, 9,6 ma. króna í HFF24, 9,6 ma. í flokki HFF34 og HFF44 sem tilheyrja lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.



Útboð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2009

Í milljörðum króna	Áætlun Q3	Raun Q3	Áætlun 2009	Raun jan.-sept.
Útgáfa íbúðabréfa	7-9	0,0	28-32	12,8
Samtals ný útlán ÍLS	9-11	6,9	36-40	24,4
Greiðslur ÍLS	13-15	15,2	60-64	48,7

Endurskoðuð áætlun 2009

Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2009
Útgáfa íbúðabréfa	6	7	7-9	8-10	28-32
Ný útlán ÍLS	9	8	9-11	10-12	36-40
Greiðslur ÍLS	18	15	13-15	14-16	60-64

